



Hafnir Norðurlands gjaldskrá 2016

Gildissvið

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Norðurlands, þ.e. Húsavíkurhöfn, Raufarhafnarhöfn og Kópaskershöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu þeirra.

Skipagjöld

Lestagjöld

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 17,- á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 11,- á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 102,- á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 11.251,- á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 6.824,- á mánuði. Af bát í uppistöðu greiðast kr. 3.500,- á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Heimilt er að leggja allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 3 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem eru í langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar þ.e.a.s. bátar og skip sem ekki skila afla- eða farþegagjaldi til hafnarinnar.

Vörugjöld

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan marka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum, eins fljótt og auðið er, til viðkomandi hafna Norðurlands, vegna álagningar vörugjalda.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum fluttum með reglulegum strandsiglingum er veittur 50% afsláttur af vörugjöldum í hverjum verðflokki. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar að vörurnar eru fluttar í land".

8. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3. flokk a) sbr. 12.gr.

9. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd með umbúðum eða verðmæti, af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af. Lágmarksgjald í hverjum flokki er kr. 2000.-

12. gr.

Vörur skal flokka til eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 333,- fyrir hvert tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 581,- fyrir hvert tonn:

Lýsi og fiskimjöl, fiskfóður ásamt inn- og útfluttum sjávarafurðum.

3. fl.: Gjald kr. 622,- fyrir hvert tonn:

a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnir málmar og timbur, stálbitar, steypustyrktarjárn, brotajárn, húshlutar, byggingareiningar, rör, gifspötur, rafmagnsstrengir, málmklæðningar og einangrun. Útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

b) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 1.665,- fyrir hvert tonn:

a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

b) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

5. fl.: Aflagjald 1,60%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd.

Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Við sölu aflans til skyldra aðila skal vera skv. 3. mgr. 9. Gr. laga nr. 13/1998 um verðlagsstofuskiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna skal að lágmarki miðað við skiptaverð verðlagsstofu skiptaverðs

Um aflagjald af grásleppuhrognum gildir sama regla og með landaðan bolfisk og skal útgerðarmaður eða verkandi skila til hafnaryfirvalda skýrslum um heildar verðmæti hrognana. Verði þeim ekki skilað munu hafnaryfirvöld ná í þær tölur inn á vefsíðu Fiskistofu sem vigtarmenn hafa aðgang að.

13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- a) í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- b) undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

Vigtargjöld

14. gr.

Vigtun landaðs sjávarafla, hvert byrjað tonn	kr. 192,-
Önnur vigtun, hvert byrjað tonn	kr. 240,-
Sé farmur 1.000 tonn eða meira er gjaldið (t.d. Salt)	kr. 130,-
Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun að 10 Tonnum	kr. 1.425,-
Vigtun ökutækja vagna of fl.	kr. 2.112,-

Á vigtun sem fram fer í samfelldri vinnulotu á tímabilinu kl. 17:00 – 08:00 á virkum dögum bætist við yfirvinna vigtarmanns sem deilist niður á notendur.

Útkallsvigtun kr. 21.491,-

Ef vigtað er utan daglegs opnunartíma hafnarvogar greiðir sá sem vigtað er fyrir útkall skv. gjaldskrá. Sé vigtað fyrir fleiri í sama útkalli deilist kostnaður á notendur. Aldrei er tekið minna enn ¼ úr klst pr. bát. Tvöfalt gjald er tekið á Stórhátíðardögum.

Vatnsgjöld

15. gr.

Vatn afgreitt frá bryggju;	
- vatnsgjald pr. Tonn.....	kr. 323,-
-lágmarksgjald.....	kr.3.500,-
-Bátar með fasta viðlegu, að 10 BT.....	kr. 1.591,-
-Bátar með fasta viðlegu, 10-50 BT	kr. 2.391,-
-Bátar með fasta viðlegu, yfir 50 BT.....	kr.3.228.-
Fyrir tengingu utan reglubundins vinnutíma greiðist útkall per klst	kr. 9.900,-

Úrgangur og sorp

Skipstjóri eða eigandi skips sem óskar eftir að láta á land sorp, farmleifar, olíuleifar eða mengandi efni skal óska eftir aðstoð viðurkennds þjónustuaðila, sem höfnin hefur samþykkt að annist móttöku og förgun á ofangreindum úrgangi frá skipum á hafnarvæði hafnarinnar. Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land.

Skip sem falla utan gr. 11 c í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda skjal nr. 133 frá 2004 skulu greiða þjónustuaðila kostnað vegna móttöku og förgun á úrgangi. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Sorpgjöld

16. gr.

Hver einstök losun;

- lágmarksgjaldkr. 12.174,-

Sorpgjald báta og skipa sem hafa fasta viðlegu (fyrir hvern mánuð á sjó);

- bátar að 10 BTkr. 4.136,-

- bátar 10-50 BTkr. 6.283,-

- skip yfir 50 BTkr. 10.125,-

Ef skip eða útgerð óskar eftir gám eða körum til magnlosunar sorps og losun fer fram á flokkunarstöð verður það gjaldfært eins og reikningur verður fyrir þá losun frá losunarstöð sorps eða verktaka.

Rafmagnssala

17. gr.

Rafmagnssala

- rafmagnssala pr. kwst.kr. 18,50,-

- rafmagnstengigjald, hvert skipti.....kr. 2.880,-

- fyrir tengingu utan reglubundins vinnutíma greiðist útkall 4 klst. @ 9.900,- per klst.

Lágmarksgjald vegna hleðslutækja og smá rafmagnstækja er kr. 1.000,- fyrir hvert skipti.

Lágmarksgjald vegna mælalausra minni báta er kr. 1.000,- fyrir hvert skipti.

Hafnsögugjöld

18. gr.

Samkvæmt 6. gr. í hafnarreglugerð fyrir hafnir Norðurlands er öllum skipum lengri en 100m, að undanteknum innlendum fiskiskipum, skylt að taka hafnsögumann við siglingu um hafnasvæði Norðurlands.

Fyrir leiðsögn til hafnar að bólvirki eða lægi skal greiða gjald fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögn frá höfn, bólvirki eða lægi greiðist sama gjald. Fyrir leiðsögn um höfn greiðist hálf hafnsögugjald.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúta hafnsögu skv. Þessari grein, undanþágu frá hafnsögu sbr. Hafnarreglugerð nr. 287/2005 með síðari breytingum, við sérstakar aðstæður.

Gjald pr. BTkr. 14,-

Lágmarks hafnsögugjald.....kr. 56.000,-

Fastagjald fyrir hvert skipkr. 3.468,-

Flutningur hafnsögumannskr. 33.300,-

Þjónusta dráttarbáta

19. gr.

Öllum olíuskipum, skipum sem ekki hafa bógskrófu og skipum með hættulegan farm er skylt að hafa dráttarbát til að tryggja öryggi við komur og brottfarir til og frá höfnum Norðurþings, samkv. 6. gr. reglugerðar.

Hafnarstjóri eða starfsmenn hafna, í umboði hafnarstjóra, geta þó krafist þess að skipstjórar allra skipa sem fara ætla um hafnarsæði Norðurþings noti dráttarbát sér til aðstoðar og öryggis við komu eða brottför úr höfn, ef hann telur ástæðu til. Skipstjórar skipa geta óskað eftir aðstoð dráttarbáta telji þeir sig þurfa slíka þjónustu af einhverjum ástæðum.

Þjónusta dráttarbáts er veitt frá Hafnarsamlagi Norðurlands og tekur kostnaður fyrir þá þjónustu mið af gjaldskrá hafnarsamlagsins sem sjá má á heimasíðunni port.is

Móttaka skipa

20. gr.

Festargjald pr. mann í dagvinnukr. 13.816,-

Festargjald pr. mann í yfirvinnu.....kr. 21.491,-

Leigugjöld

21. gr.

Geymslugjald öll svæði, pr. m2 (mánaðargjald)kr. 120,-

Leiga fyrir 20 feta gám (per sólarhring)..... kr. 500,-

Leiga fyrir 40 feta gám (per sólarhring).....kr. 1.000,-

Leiga fyrir 20 feta gám m. Rafmagni (per sólarhring).....kr. 1.500,-

Leiga fyrir 40 feta gám m. Rafmagni (per sólarhring).....kr. 2.100,-

Gjald fyrir skammtímageymslu veiðarfæra og búnaðar á hafnarbökkum

(frítt fyrstu fimm dagana) síðan pr. Sólarhring.....kr. 5.600,-.

Leiga fyrir sölubása yfir sumarið pr.mánuð.....kr. 13.388,-

Flotbryggjugjöld (mánaðargjöld)

21. gr.

Bátar að 10 BT..... kr. 11.030,-

Bátar 10 – 30 BT..... kr. 27.673,-

Bátar yfir 30 BTkr. 49.802,-

Flotbryggjugjald greiða þeir sem hafa aðstöðu við flotbryggju og koma gjöldin í stað lestar- og bryggjugjalda skv. 4. og 5. gr. gjaldskrárinnar.

Þeir aðilar sem hafa fast pláss á flotbryggjunum skulu greiða fullt mánaðargjald í lágmark 8 mánuði (Mars til október) á ári til að halda plássinu. Þegar viðkomandi er ekki að nýta plássid hafa hafnaryfirvöld fullan ráðstöfunarrétt á plássu viðkomandi.

Farþegagjöld

22. gr.

Farþegagjald. kr. 171,-

Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Heimilt er þeim sem stunda reglubundna farþegaflutninga að skila þeim upplýsingum mánaðarlega. Skal upplýsingum þá skilað eigi síðar en 5. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð.

Erlendar skútur og skemmtibátar

23. gr.

Heimilt er að innheimta kr. 15.000,- fyrir hverja byrjaða viku, innifalið er vatn og rafmagn. Fyrir styttri viðdvöl er gjaldið kr. 3.000 fyrir hvern dag.

Hafnarverndargjald

24. gr.

Öryggisgjald vegna hafnarverndar (fyrir hverja komu)..... kr. 50.405,-

Gjald miðast við einn öryggisvörð.

Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu kr. 5.500,- pr. klst.

Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í næturvinnu..... kr. 9.900,- pr. klst.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda

25. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina, skv. 6. Gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 28/2001

Skipstjóri, eigandi eða umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

26. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu.

Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

27. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari er lagður 24% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Skip í eigu erlendra aðila greiða ekki vsk.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

IV. KAFLI

Gildistaka

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Norðurljósinga er samþykkt af Framkvæmda- og hafnarnefnd Norðurljósinga í janúar 2016, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2016 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá hafna Norðurljósinga frá því í janúar 2015.

Húsavík 26. janúar 2016
Hafnarstjóri Norðurljósinga

Kristján Þór Magnússon.